

Ár 2007, miðvikudaginn 30. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkissaksóknara

I.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal ríkissaksóknari njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið. Með úrskurði kjararáðs frá 18. apríl 2007 var launagrunni hæstaréttardómara og héraðsdómara breytt frá 1. júlí 2006. Með vísan til framangreinds hefur kjararáð ákveðið að launakjör ríkissaksóknara skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

II.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun ríkissaksóknara vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137. Að auki skal greiða honum 45 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkissaksóknara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir